Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan



Málgagn Kommúnistaflokks Íslands/Marxista-Lenínista

STÉTTABARÁTTAN
VIKUBLAÐ
MÁLSSVARI
VERKAFÓLKS!

Ársáskrift .... 3000kr.
Hálfsársáskrift........ 1800kr.
Ársfjórðungsáskrift.... 1000kr.
Baráttuáskrift (gildir fyrir heilt ár).......... 5000kr.

17. tölublað | Þriðjudaginn 10. maí | 6. árgangur | Verð kr. 60.

Án baráttu enginn árangur

Með hverri tækninýjung, tilkomu nýrra vinnuvéla með margra mannafla vinnuafköstum eykst gróði auðherranna en um leið magnast örbirgð verkafólks. Atvinnurekendur sem standa í gegndarlausri samkeppni innbyrðis, vinna stöðugt að því að þrýsta lífskjörum verkafólks helst niður í, og jafnvel tímabundið niður fyrir líffræðilegt lágmark. Þannig þar sem lengd vinnudagsins er fastákveðin er yfirvinna besta leiðin fyrir þá að skapa sér hámarksgróða af vinnuafköstum verkafólksins. Gegn oki vinnuþrældómsins hefur verkafólkið aðeins eitt svar og það er að sameinast til hvers kyns baráttu á öllum mögulegum stöðum og láta hvergi glepjast því til alls er að vinna og engur að tapa nema þeim hlekkjum sem auðvaldsþjóðfélagið bindur okkur með við framleiðslutækin.

Krafa sem sameinar.

Eitt fyrsta skilyrði fyrir verkalýðsstéttina er að sameinast á stéttabaráttugrundvelli gegn borgarastéttinni svo kröfur, hvort sem þær eru pólitískar eða faglegar, nái fram að ganga. Sú kjarakrafa sem í dag sameinar íslenskan verkalýð er sá áfangi sem hann hefur stefnt að frá upphafi verkalýðshreyfingarinnar: Lífvænleg laun fyrir 40 stunda vinnuviku. (Hinn sósíaldemokratíski verkamannaflokkur í Rússlandi samþykkti á III. þingi sínu 1905 þar sem eingöngu sátu bolsévíkar, kröfu um tafarlausa fullnægingu 8 stunda vinnudagsins, knúna fram eftir leiðum byltingarinnar. Lenín samdi bók sína „Tvennskonar baráttuaðferðir" til varnar samþykktum þessa þings.) (Heimild er Saga Kommúnistaflokks Ráðstjórnarríkjanna, bls. 122).

Ósvífni atvinnurekenda.

Þegar forysta verkalýðsins er jafn veik og raun ber vitni á Íslandi í dag ganga atvinnurekendur á lagið og fífla hana við samningaborðið. Þeir snúa út úr því sem sagt er, biðja um frest á frest ofan og koma loks með tilboð sem brýtur allar brýr að því að það sé svo mikið sem umræðugrundvöllur við þá. Þeir vita sem er að kröfur ASÍ-forystunnar eru slitnar úr tengslum við þjóðfélagsraunveruleika verkafólksins og verkalýðsstéttin getur ekki sameinast um slíka láglaunapólitík. Í dag er verkamaður ekki matvinnungur af dagvinnu sinni svo það gefur auga leið að er hann ætlar sér að ná líffræðilegum lágmarkslaunum verður hann að vinna mikla yfirtíð. Þessu ástandi ætla atvinnurekendur sér að halda og þeir vita sem er að það kemur til með að haldast jafnvel þó krafa ASÍ-forystunnar næði fram að ganga. Spurningin er aðeins: Hve mikið ASÍ-forystan kemur til með að gefa eftir.

Tilboð atvinnurekenda.

1. "Útborguð heildarlaun fyrir fulla dagvinnu miðað við 1. mars sl. hækki um 8500 kr. frá undirskriftardegi, um 2500 frá 1. des. og um 2500 frá 1. mars 1978 eða um 13500 alls." Í þessum útreikningi hefur vísitalan frá febrúar og mars ekki verið dregin frá en sé það gert lækkar prósentutala miðað við 70.000 kr. úr 12,1% í 5,4%, eða úr 8500 kr. í 3780 kr. Þegar atvinnurekendur tala um "fulla dagvinnu" eiga þeir við að verkafólk vinni kaffitímana af sér.

Þegar verkalýðsforystan er jafn veik og raun ber vitni, komast atvinnurekendur upp með hvers kyns ósvífni og yfirgengishátt við vinnandi fólk sem er ekki lengur matvinnungar með dagvinnu sinni, svo mikið er búið að skerða lífskjör þess. Þær vinalegu samræður sem eiga sér stað á Loftleiðum eru algerlega slitnar úr tengslum við þann þjóðfélagsraunveruleika sem verkafólk á við að búa. ASÍ-forystan krefst 100. þús. kr. sem ættu þó að vera orðnar 111. þús. sem er sama krafa í breyttu formi og var sett fram í samningunum 1976. Atvinnurekendum hefur verið gefinn margra daga frestur til að gera tilboð sem svo hljóðar upp á 8500 kr. á öll laun og miðað við 70.

framhald á síðu 3



Verkfallsverðir Dagsbrúnar 1976.




Frá göngu og útifundi Baráttueiningar.



Fréttatilkynning Herstöðvaandstæðinga.

Hinn 21. maí næstkomandi munu Samtök herstöðvaandstæðinga efna til þéttbýlisgöngu. Gengið verður frá Straumi til Reykjavíkur og baráttufundir haldnir í Hafnarfirði, Kópavogi og Reykjavík. Göngunni lýkur á Lækjatorgi.

Herstöðvaandstæðingar, sýnum samstöðu, eflum baráttuna, gerum 21. maí að áhrifaríkum mótmæladegi.
- Fylkjum liði.



Skráið ykkur í gönguna!:
Sími 17966 og 20950

1. MAÍ REYKJAVÍK

BARÁTTUEINING í Reykjavík gekkst fyrir kröfugöngu og útifundi á 1. maí.
Að BARÁTTUEININGU stóðu að þessu sinni Kommúnistaflokkurinn, Rauð Æska og Baráttuhópur Dagsbrúnarverkamanna.
Aðalkjörorð göngunnar var: Eining og starf á grundvelli stéttabaráttunnar. Aðrar höfuðkröfur voru m.a.: Lífvænleg laun fyrir 40 stunda vinnuviku og Gegn stéttasamvinnu ASÍ - gerum verkalýðsfélögin að baráttutækjum.
En auk þessara, voru kröfur sem varða andheimsvaldabaráttuna, baráttu fyrir jafnrétti kynjanna og verkalýðsæskuna. Gangan tókst í alla staði vel og var mikill baráttuandi ríkjandi meðal þátttakenda.
Á útifundinum sem haldinn var á Hótel Íslands-planinu, komu fram þrír ræðumenn og fluttu stutt ávörp. Fyrst talaði Gunnar Andrésson, formaður miðstjórnar Kommúnistaflokks Íslands. Hann sagði m.a.:
"Sundrung verkalýðshreyfingarinnar í dag, er verk þeirra manna, sem eru að notfæra sér verkalýðshreyfinguna sem stökkpall til áhrifa og valda innan ríkisvaldsins og annars staðar í þjóðfélaginu. Þessari þróun verður ekki snúið við, nema hinn almenni félagi í verkalýðsfélögunum taki upp baráttu gegn uppkeyptu forystunni í verkalýðshreyfingunni. Á síðasta ári sáum við þess nokkur merki, að verkafólk er að taka upp baráttu gegn svikum forystunnar. Það má benda á baráttu sjómanna á síðastliðnu ári, gegn bráðabirgðalögunum alræmdu og um leið helstu svikurunum í forystuliðinu. Afgreiðslustúlkur í brauð- og mjólkurbúðum háðu einnig harða baráttu gegn svikulli forystu og stöðugt verða raddirnar sterkari sem hafna loddaravinnubrögðum forystunnar. Fjölmargir verkamenn og verkakonur eru nú að fá æ meiri áhuga fyrir framtíð verkalýðshreyfingarinnar. Fólk er í auknum mæli að gerast þátttakendur og gerendur baráttunnar en ekki bara þolendur. ASÍ-forystan er meðvituð um þessa þróun og þeir pólitísku flokkar sem nú eru öflugastir innan verkalýðshreyfingarinnar eru staðráðnir í að láta þá hreyfingu, sem nú er að rísa, koma sér í ráðherrastólana. Við verðum því að varast þá fölsku verkalýðssinna, sem sverja baráttunni hollustu með vörunum, en svíkja svo við fyrsta tækifæri. Það er alltaf vissara að dæma menn eftir verkunum en ekki eftir yfirlýsingunum, sem þeir gefa um sjálfa sig. Þess vegna vitum við, að þegar ASÍ-forystan segir 30% hækkun eða 100 þús. krónur, meinar hún 6-8% eða 2-3 þúsund krónur. Þetta hafa verk þessara manna kennt okkur. Þegar þeir gagnrýna ríkisstjórnina fyrir kjaraskerðinguna, eru þeir að fara fram á stuðning til að setjast sjálfir að kjötkötlunum. Þeir gagnrýna atvinnurekendur fyrir sukk og fjárdrátt, en þegja yfir því, að þeir stunda sjálfir brask."
Að lokum sagði Gunnar:
"Í komandi verkföllum gefst verkafólki tækifæri til að taka virkan þátt í baráttunni. Þetta tækifæri má ekki láta ónotað og ef það tekst, megum við ekki missa þráðinn niður að nýju, því virk þátttaka fjöldans, er eina tryggingin fyrir sigri. Skipuleggjum okkur og höfnum fals-verkalýðssinnunum Gerum verkalýðsfélögin að raunverulegum baráttutækjum. Krefjumst lífvænlegra launa fyrir 40 stunda vinnuviku."
Þegar félagi Gunnar hafði lokið máli sínu, talaði Rakel Pétursdóttir, félagi í Rauðri Æsku. Hún sagði meðal annars:
"Þjóðfélagið sem við lifum í, byggist á stéttamismun, stéttabarátta á sér stað dag hvern. Þessi mismunur kemur greinilega í ljós hjá æskulýðnum. Meira en helmingur hans kemur frá alþýðuheimilum. Möguleikar hans til að skapa sér betri lífsaðstöðu í þjóðfélaginu eru mjög litlir. Þegar unglingar úr alþýðustéttum sleppa úr skólunum á vorin, er það oft

frh. bls. 3.

LEIÐARI

Ástand efnahagsmála minnir nú um margt á árin 1967-69. Þá var síldarævintýrinu nýlokið og stórkostleg aukning fiskveiðiflotans hafði séð til þess, að síldarstofninum hafði verið nær algerlega eytt úr hafinu. Við blasti ekkert annað en hrun, atvinnuleysi og stóraukin verðbólga. Nú fer líku fram. Þorskstofninn er í stórkostlegri hættu, eins og fiskifræðingar hafa margsinnis bent á. Sú gendarlausa aukning skuttogara og stórvirkra veiðitækja, sem átt hefur sér stað á undanförnum árum, er nú að leiða til þurrðar í hafinu umhverfis landið. Framundan eru ár atvinnuleysis og fjármálaóreiðu.
Eitt af einkennum kreppuáranna 1967-69 var hinn mikli landflótti sem átti sér stað, til hinna Norðurlandanna, Ástralíu og fleiri landa. Framan af fóru einkum iðnaðarmenn, en síðar fluttust úr landi fólk úr öllum starfsgreinum. Þessi sama tilhneiging er farin að gera vart við sig aftur, Stéttabaráttan veit af fjölmörgum fjölskyldum bæði reykvískum og frá stöðum eins og Vestmannaeyjum, Akranesi og víðar, sem eru að flytjast af landi brott. Ferðinni er heitið til Svíþjóðar eða hinna Norðurlandanna. Í kjölfar þessa útflutnings kemur svo atvinnuleysið. Og á margan hátt er verkafólk nú mikið ver undir atvinnuleysið búið, heldur en var 1967. Kaupmáttur launa er þegar orðinn svo rýr, að hann er kominn meira en helming undir það mark, sem nægir til að framfleyta fjölskyldu á. Ef við bætist að fólk verður atvinnulaust, horfir til eymdarinnar einnar. Í sjónvarpsþættinum Kastljósi, var nýlega gerður samanburður á kjörum fólks í Danmörku og á Íslandi. Þar kom berlega fram, hversu lífskjörin hér eru margfalt verri en á hinum Norðurlöndunum. Laun iðnverkahjóna í Danmörku eru 1.3 milljón íslenskra króna hærri, eftir að skattar hafa verið dregnir frá, en laun iðnverkahjóna á Íslandi. Og hér er skiljanlega miðað við dagvinnu, því í Danmörku er ekki unnin eftir- og næturvinna eins og hér. Samt sem áður er vöruverð algengra nauðsynjavara miklu lægra í Danmörku í allflestum tilfellum. Af þeim tölum sem fram komu í þættinum, er óhætt að segja, að kjör hér eru meira en helmingi verri en í Danmörku og samsvarar það vel því, sem Stéttabaráttan hefur áður bent á, að laun fyrir dagvinnu þyrftu að vera meira en helmingi hærri hérlendis. Ef fólk á að geta lifað af dagvinnu, verður það að hafa a.m.k. 150 - 160 þúsund kr. á mánuði. Þess vegna er augljóst, að krafa ASÍ um 100 þúsund kr. á mánuði, er ekkert annað en staðfesting á kjaraskerðingunni. Viðbrögð atvinnurekenda við kröfugerð ASÍ sýna, að þeir ætla sér að viðhalda kjaraskerðingunni og pressa hana niður fyrir það sem er í dag. Verkalýðshreyfingin er veik og sundruð og orsökin fyrir því, er sú, að forysta verkalýðsfélaganna og sérstaklega forysta ASÍ er sundrungarafl sem hefur á undanförnum áratugum, lamað og tvístrað skipulagningu verkalýðssamtakanna og eyðilagt samstöðuna og baráttuviljann. En verkalýðsfjöldinn mun ekki þegar til lengdar lætur, láta draga sig á asnaeyrunum. Hann mun hafna forystu svikaranna og skipuleggja baráttu sína betur á eftir. Yfirvinnubannið, sem sett var á 2. maí, fær fullan stuðning allrar alþýðu, þótt svo það væri sett á fullseint og hefði getað orðið öflugra, ef það hefði komið hálfum mánuði fyrr. En þetta yfirvinnubann er tilkomið vegna þess vaxandi þrýstings, sem almennir félagar verkalýðshreyfingarinnar hafa sett á forystuna. Hún á um það að velja, að snúast opinskátt gegn baráttu verkafólks, eða dragast með og fara út í einhverjar aðgerðir til þess að láta líta svo út sem hún sé samþykk baráttunni. En verkafólk getur ekki treyst forystunni. Hún mun svíkja nú eins og áður, því hagsmunir hennar eru órjúfanlega tengdir atvinnurekendunum og hún þjónar þeim ævinlega, þegar til kemur. Jafnvel 100 þúsund kr. krafan verður svikin, ef ekkert aðhald, engin barátta hins almenna félagsmanns kemur til.
Þess vegna verðum við að skipuleggja okkur til harðrar baráttu og standa saman gegn sérhverri tilraun til svika af hálfu forystunnar.

HVERNIG KEMST ÞÚ Í SAMBAND VIÐ KOMMÚNISTAFLOKK ÍSLANDS/ML?

Miðstjórn: Pósthólf 1357. Reykjavík, einnig í síma 27810
Ritstjórn Stéttabaráttunnar og Rauða Fánans: Pósthólf 1357, sími 27810 á opnunartíma Rauðu Stjórnunnar Lindargötu 15.

Neskaupstaður: Messíana Tómasdóttir, Þiljuvöllum 38.
Snæfellsnes: Sigfús Almarsson Hellisbraut 10. Hellissandi.
Ísafjörður: Kristinn Karlsson Fjarðarstræti 7
Hafnarfjörður: Fjóla Rögnvaldsdóttir, Reykjarvíkurvegi 24.
Suðurnes: Einar Jónsson Sólvallagötu 40c Keflavík.

Herstöðva-andstæðingar:



Takið þátt í starfinu!

Nú er um það bil hálft ár síðan Stapa-ráðstefnan var haldin en á henni voru samtökum Herstöðvaandstæðinga sett lög og stefnuskrá. Á ráðstefnunni var ákveðið að samtökin skyldu verða liðsmannasamtök. Í 3ju grein laga samtakanna segir: "Allir þeir sem aðhyllast þessi markmið og eru reiðubúnir að leggja sitt af mörkum til að þeim verði náð geta orðið félagar í samtökum herstöðvaandstæðinga enda skaði þeir á engan hátt málstað samtakanna. Félagsaðild er einstaklingsbundin."
Þannig er það skýrt tekið fram í lögunum að enginn stjórnmálaflokkur eða samtök geti ráðið ferðinni í samtökunum þar sem það eru ekki flokkar sem eru aðilar heldur einstaklingar. Samtökin eiga skv. lögum að vera um samfylking allra þeirra einstaklinga sem í raun vilja berjast gegn herstöðvum hér á landi og fyrir úrsögn Íslands úr NATO.
Því ber að vísu ekki að leyna að félagar Alþýðubandalagsins voru fjölmennir á Staparáðstefnunni og notuðu forystumenn þess sér aðstöðu sína til að koma sem flestum toppmönnum sínum inn í miðnefnd, en hún fer með ákvörðunarvald samtakanna milli ársþinga.
Þannig varð nokkuð þref á ráðstefnunni vegna þess að Alþýðubandalagið reyndi að bola herstöðvaandstæðingum sem höfðu unnið frábært starf fyrir samtökin út úr miðnefnd til þess að "pólitísku jafnvægi" innan hennar yrði ekki raskað. Starfandi herstöðvaandstæðingar hafa hins vegar ekki orðið varir við að forystumennirnir í Alþýðubandalaginu hafi verið jafnákafir til starfa í grunneiningum samtakanna þ.e. hverfahópunum.
Í sumum hverfum hér í Reykjavík eru allt að 2-3 Alþingismenn auk annárra framámanna Alþýðubandalagsins á skrá en þessir sömu menn hafa enn ekki sést á fundum hópanna.
Þeim rökum hefur verið beitt að þetta séu svo mikilvægir menn að þeir séu uppteknir við mikilvægari fundarsetur og störf heldur en að starfa meðal félaga sinna innan samtakanna.
Þessi rök eru bæði röng og hættuleg. Röng- vegna þess að fundir í hverfahópum eru aðeins haldnir hálfsmánaðarlega og ætti engum að vera ofraun að leggja það af mörkum að mæta á a.m.k. annan hvorn fund. Miðnefndarfundir eru oftar, en þeir menn sem valdir eru til forystu í samtökunum verða að hafa áhuga og tíma til að sinna starfi sínu. Þess vegna þurfa þeir einnig að starfa með hverfahóp sínum, annars verður Miðnefnd ætíð einangruð og ófær til að samtengja og leiða baráttu virkra liðsmannasamtaka.
Hættuleg - vegna þess vanmats á stöðugu starfi herstöðvaandstæðinga sem þau fela í sér. Ef þeir almennu félagar sem nú standa að mestu leyti undir daglegu starfi samtakanna (dreifingu ofl.) hugsuðu eins, væru samtökin ekki lengur neitt afl - aðeins pappírsgagn.
Í grunneiningunum (hverfa og svæðahópum) á að ræða þær baráttuleiðir og þá stefnu sem taka ber á hverjum tíma. Einnig að finna baráttu samtakanna þann farveg að þau geti náð markmiði sínu þ.e. rekið herinn og stuðlað að úrsögn úr NATO. Bandaríkst herlið hefur verið hér á landi í 30 ár. Það er mál að það fari burt.
Þeir menn sem hundsa almennt starf samtakanna en telja að stórar Keflavíkurgöngur "af og til" og stórir fundir "einstaka sinnum" séu eina markmiðið skilja ekki tilgang liðsmannasamtaka.
Í þessu sambandi er rétt að benda á einn hlut. Það eru aðgerðir andstæðinga okkar - hernámssinna. Við skulum ekki gleyma því, að þau öfl sæta ætíð færis að festa herinn og NATO enn í sessi hér á landi og þeir munu örugglega nota tækifærið þegar þeir finna að skipulögð andstaða gegn þeim er ekki fyrir hendi í þjóðfélaginu.
Undirskriftasöfnunin "Varið land" og uppkoma "aronskunnar" voru síðustu framlög þeirra og óneitanlega náðu þeir árangri svo sem öllum er kunnugt. Þegar áskriftarsöfnunin fór fram voru samtök herstöðvaandstæðinga í lamasessi. Því voru þau ekki fær um að rísa upp til andsvara eða virkja til gagnaðgerða þá andúð sem stór hluti almennings hafði á þessum undirlægjuhætti. Slíkt má aldrei gerast aftur.
Reynslan frá tímum "vinstri stjórnarinnar" hefur kennt okkur að við munum aldrei reka herinn ef við felum þingmönnum að sjá um það fyrir okkur. Aðeins með virku starfi fjöldans og samstöðu mun sá árangur nást.
Allir þeir sem eru andstæðir herstöðvum og hernaðarbrölti stórveldanna þurfa því að taka virkan þátt í starfinu innan herstöðvaandstæðinga. Það er vissulega nokkurt sannleikskorn í því að samtökin séu í dag ekki fær um að ná fram markmiði sínu. En árvekni liðsmanna og stöðugt starf er eina leiðin sem fær er til að koma í veg fyrir að rök afturhaldsins nái jafn greitt til almennings og gerðist 1974 og vinna málstað okkar meira fylgi.

Rvík. 28.4.77.



ÚR BARÁTTUNNI

LAUNAMISMUNUR KARLA OG KVENNA.

Lög um "jafnrétti kvenna og karla" voru samþykkt á Alþingi 31. mai 1976. Í þriðju grein laganna segir svo: "Atvinnurekendum er óheimilt að mismuna starfsfólki eftir kynferði, og gildir það meðal annars hvað varðar ráðningu og skipun í starf, stöðuhækkun, stöðuheiti, uppsögn úr starfi, veitingu hvers konar hlunninda og almenn vinnuskilyrði" (tilv. lokið) Samkvæmt lögunum var einnig sett á stofn svonefnt Jafnréttisráð og skyldi það m.a. sjá um að lögunum yrði framfylgt.
Þrátt fyrir þessa lagasetningu virðist lítið benda til þess að ríkisvaldið ætli sér raunverulega að framfylgja lögunum. Þannig ganga ýmsar ríkisstofnanir á undan í því að mismuna starfsfólki eftir kynferði. Eru mörg dæmi um slíka mismunun á sjúkrahúsunum og þá einkum í sambandi við sóknarstörf. Það færist í vöxt að karlmenn ráðist til slíkra starfa en þeir eru nær undantekningalaust ráðnir sem ríkisstarfsmenn (t.d. sem "aðstoðarmenn hjúkrunarfræðinga"). Sem slíkir fá þeir hærri grunnlaun en Sóknartaxti hljóðar upp á. (u.þ.b. 12-25 þús. kr. hærri) og mun hærra vaktaálag auk þess sem réttindi þeirra eru ólíkt meiri. Þeir karlmenn sem þannig eru ráðnir vinna alveg sambærileg störf og Sóknarkonurnar sem sést best á því að þær ganga yfirleitt vaktir á móti þeim.
Á Sóknarfundi nýlega var upplýst að mörg slík mál hefðu verið lögð fyrir Jafnréttisráð en þau ættu það öll sammerkt að daga uppi í Félagsmálaráðuneytinu. Virðist sýnt að í stað þess að lúta lögum reynir ríkisvaldið að nýta sér Jafnréttisráð til að koma í veg fyrir baráttu gegn slíkri mismunun. Með því að ráða fyrr nefnda starfsmenn upp á betri kjör en aðra, viðurkennir ríkisvaldið að það beri að launa þessi störf betur en gert hefur verið. Krafa Sóknarkvenna er því ekki sú að laun karlmannanna verði lækkuð til jafns við þær heldur að þær fái samsvarandi laun og að allir þeir sem stunda sömu vinnu séu í sama verkalýðsfélagi.



frh. 1. MAÍ REYKJAVIK

undir hælinn lagt hvort þeir fá sumarvinnu, sem er þeim lífsnauðsynleg til þess að geta stundað sitt nám. Trygg sumarvinna handa æskulýðnum er nauðsynleg til að námsfólk frá alþýðuheimilum njóti jafnréttis til náms. Börn þeirra einstaklinga sem eiga framleiðslutæki eiga sumarvinnuna vísa, þau ganga beint inn í fyrirtæki foreldra sinna. Í námi njóta þau fjárstuðnings foreldranna. Stjórnlist auðvaldsins má lýsa með þremur orðum: "deildu og drottnaðu". Þessi lævísa afstaða burgeisanna birtist ljóslega í tilraunum þeirra til að sundra samstöðu námsfólks og verkafólks með lygum og undirferli. Þeir halda því gjarnan fram að námsfólk sé baggi á "baki þjóðarinnar". Þannig vilja þeir hrekja verkafólk frá stuðningi við réttlátar kröfur námsmanna um jafnrétti til náms."

Loks talaði félagi Kristján Kristjánsson, vélsskólanemi og verður ræða hans birt í heild hér í blaðinu seinna í mánuðinum. Í ræðu sinni tók Kristján m.a. fyrir lygar borgaranna um gífurlegar tekjur sjómanna og sýndi fram á, hvernig þær stangast á við raunveruleikann. Einnig tók hann upp hvernig sumir forystumenn stéttarfélaga sjómanna ala leynt og ljós á sundrungu meðal sjómanna og hvernig þessir sömu menn ganga beint erinda auðvaldsins í öllum málum, svo sem sannaðist einna best í sambandi við 6. september-lögin illræmdu. Í lok ræðu sinnar tók félagi Kristján fyrir nauðsyn þess, að sjómenn standi saman í kjarabaráttunni sem framundan er og fagna því samkomulagi, sem náðst hefur milli sjómanna sambandsins og Farmanna og fiskimannasambandsins. En þau hafa ákveðið að ganga sameinuð til samningaviðræðna.

Að útifundinum loknum, var innifundur í Þjóðleikhúskjallaranum. Komu þar fram m.a. Arnór og Gísli Helgasynir., Kristján Jóhannsson og Hjördís Bergs. Var þar þétt setinn bekkurinn og urðu þó margir frá að hverfa.



1. mai ávarp SINE

Á alþjóðlegum baráttudegi verkalýðs, 1. maí, sendir stjórn Sambands íslenskra námsmanna erlendis sínar bestu kveðjur til íslensks verkalýðs og vinnandi alþýðu. Við lýsum yfir stuðningi okkar við þær sjálfsögðu mannréttindakröfur íslensks verkalýðs að geta lifað af dagvinnulaunum sínum, og fögnum hverjum áfanga á leið þeirrar baráttu. Við lýsum yfir stuðningi okkar við þær kröfur verkalýðs að laun verði að fullu tryggð gegn áhrifum verðbólgu. Við lýsum yfir stuðningi okkar við þær kröfur verkafólks að íslenskar auðlindir í sjó og á landi séu ekki seldar í hendur erlendra auðhringa. Við lýsum yfir stuðningi okkar við sjálfsagðar kröfur vinnandi fólks um brottrekstur vesturheimskra hermanna af íslenskri grund og úrsögn Íslands úr hernaðarbandalagi vestrænna þjóða, NATO. Við lýsum yfir fullum stuðningi okkar við kröfur verkalýðs í yfirstandandi samningaviðræðum og styðjum alla viðleitni til að koma í veg fyrir að hopað verði fyrir stéttaróvininum, atvinnurekendum og ríkisvaldi.

Námsfólk á í mikilli hagsmunalegri baráttu við ríkisvaldið um þessar mundir. Öll meðul eru nú notuð til að ráðast á það efnahagslega jafnrétti til náms, sem fengist hefur fyrir baráttu alþýðunnar í gegnum árin. Gegn slíkri árás duga engin þau vopn, sem námsmenn einir ráða yfir. Því heitum við á íslenskan verkalýð og samtök hans að taka þátt í þessari baráttu, baráttunni fyrir því að allir fái að njóta þeirrar menntunar er þeir óska án tillits til efnahagslegra aðstæðna. Í þessari baráttu er óvinurinn sá sami og í hinni beinu kjarabaráttu verkalýðs, íslensk borgarastétt og valdatæki hennar, ríkisvaldið.

F.h. stjórnar Sambands íslenskra námsmanna erlendis.

Guðmundur Sæmundsson.

Rauður vettvangur Frá Lesendum **Rauður vettvangur** FRÁ LESENDUM.

Skilið ránsfengnum sjömenningar

Að undanförnu hafa félagar Kommúnistaflokksins fengið sendan snepil sem kallast "Barátta gegn endurskoðunarstefnu". Rit þetta sem lítið annað inniheldur en belgingslegar yfirlýsingar um vonsku KFÍ m-l, er ættað frá klíku Ólafs Ingólfssonar háskólanema sem gerði misheppnaða tilraun til að sundra flokknum um seinustu áramót.

Tilgangur þessa greinakorns er ekki að rekja öll þau ósannindi sem plagg þetta inniheldur heldur sýna smádæmi um "heiðarlegar" aðferðir aðstandenda þess. Á bls. 13 er greinarkorn sem kallast "Óbirta greinin áramót 1976-77". Þar er fjallað um greinargerð frá Framkvæmdanefnd KFÍm-l er átti að birtast í Stéttabaráttunni um áramótin síðustu. Greinargerð þessi fjallaði um afstöðuna til EIKm-l og sameiningarmálanna. Þegar til kom ákvað landsfundur miðstjórnar flokksins að láta greinargerðina víkja fyrir ályktun landsfundarins um sameiningu íslenskra marxista-lenínista.

Greinin hverfur.

Svo undarlega víkur við að daginn eftir landsfundinn er handritið að greinargerð Framkvæmdanefndar horfið úr hirslu Stéttabaráttunnar. Var það bagalegt þar sem senda átti greinina til umræðu innan flokksins um sameiningarmálin. Töldu flokksfélagar í einfeldni sinni að hún hefði týnst fyrir einhvern misgáning þar til nú að úrdráttur úr henni birtist í hinni svokölluðu "Baráttu" orðháksins og félaga hans. Liggur því ljóst fyrir að þeir hafa stolið greininni frá Stéttabaráttunni.

Í "Baráttu" birtir klíkan aðeins smáhluta úr greininni sem eðlilega gefur ekki rétta mynd af efni hennar. Enda er það vafalaust tilgangur hennar.

Lokaorð sjömenninganna eru hinsvegar eilítið furðuleg. Þeir segja: "Félagar flokksins sem einhverja trú hafa á leið heiðarleika ættu að krefjast þess að þessi grein KG verði birt".

Nokkuð er það langt gengið þegar þjófar fara að krefja aðra um heiðarleika. Skyldi þetta vera dæmigert um aðferðir þessa fólks sem virðist hafa sett sér það helsta mark í lífinu að brjóta niður kommúnistaflokkinn? Verði því þá að því, það dæmir sig sjálft.

Ég geri hinsvegar þá kröfu til sjömenninganna að þeir skili greinarhandritinu svo við svo kallaða "vinstri - endurskoðunarsinnaðir hentistefnumenn í verkalýðsfjandsamlegu skemmdaverkaklíkunni KFÍm-l" (svo notuð séu þeirra eigin hógværu orð) fáum tækifæri til að kynna okkur það og nema.

Borgaraleg blaðamennska

Það þarf ekki að fylgjast lengi með málflutningi borgara pressunnar til þess að sjá, að — hún getur lokað bæði augunum og eyrunum gagnvart sumum atburðum. Þetta gildir jafnt um þá fjölmiðla sem sverja og sárt við leggja að þeir séu fullkomlega frjálsir og óháðir, og hina sem opinberlega eru málpípur ákveðinna flokka, eða kenna sig jafnvel við þjóðfrelsi og sósíalisma.

Fréttir þessara borgaralegu blaða frá hátíðahöldunum 1. maí gefa okkur örlitla hugmynd um það hvílík "fréttamennska" er ráðandi í herbúðum borgarapressunnar. Morgunblaðið þegir þunnu hljóði yfir hinni miklu þátttöku í hátíðahöldunum. 1. maí birtist smáklausa um þrjár göngur og þrjá útifundi og þar er ekki einu sinni farið rétt með nafn einnar göngunnar þ.e. Baráttueiningar. Þjóðviljinn greinir skýrt og skilmerkilega frá mikilli þátttöku og reynir að eigna Alþýðubandalaginu allan heiðurinn, hins vegar minnist hann ekkert á aðgerðir sem beinast gegn stéttasamvinnunni, enda sjálfur helsti málsvari hennar. Fréttir annarra fjölmiðla eru þessu líkar.

Ein aðferð íslensku borgarapressunnar til þess að slá ryki í augu fjöldans, er að draga upp ýkta mynd af klofningnum á vinstri kantinum. Þannig er oft talað um smáhópa maóista, marx-lenínista, Stalínista o.s.frv.

Það er engin ástæða til að ætla að blaðamönnum borgaranna sé ekki fullkunnugt um að línurnar í vinstri hreyfingunni skerast ekki á þennan hátt. Líklegast er að hér sé um meðvitaða tilraun að ræða, til þess að villa almenningi sýn.

STÉTTABARÁTTAN dregur enga dul á það að hún er hvorki "frjáls" né "óháð", þvert á móti lýsir hún því yfir að hún sé í þágu verkalýðsstéttarinnar og vopn í baráttunni fyrir sósíalisma. En það er einmitt vegna þess, að Stb. stendur í þágu hinnar framsæknu stéttar, sem hún hefur engu að leyna. Sannleikurinn um auðvaldsþjóðfélagið er vopn sem beinist að því sjálfu. STÉTTABARÁTTAN segir borgararpressunni stríð á hendur. En því er ekki að leyna að hún stendur höllum fæti hvað varðar útbreiðslu og útgáfutíðni. Kjörorð okkar verður því að vera: EFLUM STÉTTABARÁTTUNA.

Framhald af Kambódía

Lygar um Kambodíu

Svo vikið sé aftur að þeim þætti í byggðastefnu Kambódíustjórnar sem varðar mannfjölda virðist mér sem dómgreindarleysið keyri fyrst alvarlega um þverbak. Trúir því virkilega nokkur maður, að Rauðu Khmerarnir, sem áttu í stríði við Bandaríkin og nutu engrar aðstoðar Sovétríkjanna, (því þau studdu Lon Nol) hafi megnað að sigra stríðið, og hafi ætlað, að drepa 2/3 allra landsmanna? Nú réðu Rauðu Khmerarnir yfir víðlendum landsvæðum áður en lokasigur vannst 1975 og ættu samkvæmt röksemdafærslu Gunnars að hafa fylgt manndrápsstefnu sinni eftir af festu og ofstæki á þessum svæðum. En hvernig fengu þeir þá íbúa frelsuðu svæðanna til að fylkja sér undir merki sín? Það er gáta, sem verður óleyst, uns andlegir atgervismenn á borð við Gunnar Eyþórsson varpa ljósi yfir hana. Það hvarflar náttúrulega aldrei að Gunnari, að hermenn Rauðu Khmeranna eigi neina ættingja eða sé upprunnir frá neinum stað yfirleitt. En þar sem sérhver hugsandi mannvera, skilur þó, að þessu hlýtur að vera þannig varið, sjá þeir þó, að her sem hefur það verkefni að drepa 2/3 landsmanna sinna og sennilega 2/3 ættingja sinna og vina í leiðinni mun aldrei verða yfirboðurum sínum trúr til lengdar. Það hefur sagan aftur og aftur sannað svo rækilega, að ég geri mér jafnvel vonir um að Gunnar Eyþórsson fái skilið það.

Harðstjórnin mikla er sem sagt ekki fyrir hendi, nema í huga þeirrar thailensku fréttastofu, sem fjármögnuð er af CIA og sendir þennan þvætting um heimsbyggðina. Og þrátt fyrir hversu illa er út sáð, uppsker hún þó sitthvað, því víða um hinn frjálsa vestræna heim eru menn til sem ekki geta greint á milli raunveruleikans og lyginnar. Slíkir menn sem Gunnar, létu lítið til sín heyra, þegar bandaríski herinn slátraði þúsundum og hundruðum þúsunda í Kambódíu og Víetnam, þá var fjallað um málið frá "hlutlausu" sjónarmiði og bandaríska heimsvaldastefnan ævinlega bökkuð upp. Nú er hins vegar litla fuglshjartað í brjósti þeirra þrungið harmi yfir "slátrununum í Kambódíu". Sannar þetta ekki aðeins eitt? Nefnilega, að Gunnar Eyþórsson er handbendi bandarísku heimsvaldastefnunnar og ætti sem slíkur skilyrðislaust að víkja frá fréttastofu íslenska ríkisútvarpsins.

framhald af forsíðu

ÁN BARÁTTU - ENGINN ÁRANGUR.

000 kr. kaup segja atvinnurekend að þetta sé 12,1 % en þegar búið er að draga vísitöluna í febrúar og maí frá er prósentuhækkunin aðeins 5,4% eða 3780 kr.

2. "Til afgreiðslu á sérkröfum komi jafngildi 1% kauptaxtahækkunar." Atvinnurekendur hafa líklega glott yfir svo ódýrri lausn en þeir vita fullvel að hún verður ekki samþykkt.

3. "Vísitölubætur greiðist með sömu prósentutölu á öll laun og greiðist fyrst 1. sept. 1977 og engar vísitölubætur komi 1. júní Að greiða vísitölubætur eftir sömu prósentutölu á öll laun en ekki samkvæmt sömu krónutölu á öll laun táknar aukinn og síaukinn launamismun. 1. júní ætti kaup samkvæmt framfærsluvísitölu að hækka um 6,7%. Verkafólk á kröfu um fullar vísitölubætur samkvæmt sömu krónutölu á öll laun og þær séu reiknaðar út mánaðarlega.

"Samningar gildi í 2 ár eða til 1. mars 1979."

Hver kjaraskerðing er stríðsyfirlýsing og þess vegna er hættulegt að festa samninga fram í tímann heldur séu samningar lausir hvenær sem atvinnurekendur ætla að láta skóinn kreppa að verkafólki.



Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan



Útg: Kommúnistaflokkur Íslands m-l.
17. tbl. 6. árg. 10/5 1977

STÉTTABARÁTTAN
-kemur út vikulega-
Sími: 27810.
Gíró: 27810-6.

Ábyrgðarm: Sigurður Ingi Andrésson.


Sigurður Jón Ólafsson
Möðrufelli 15
R.

Fram til baráttu

Á síðastliðnum þremur árum hafa orðið gífurlegar hækkanir á framfærsluvísitölu, eða 200%. Þetta kemur illa við launafólk í landinu þar sem laun hafa ekki hækkað nema að litlu leyti, þeir lægstlaunuðu eru neyddir til að vinna myrkranna á milli til að hafa í sig og á og dugir ekki til. Kaup og kjör eru hér mun lægri en tíðkast í nágrannalöndunum.

Félagar BSRB hafa ekki farið varhluta af þessum kjaraskerðingum frekar en aðrir launþegar. Komið hefur í ljós að mestur hluti ríkis-og borgarstarfsmanna er í 4-15 launaflokki (86% skv. könnun).
Í þeim flokkum eru greidd laun frá 77-125 þúsund krónur í mars. Athyglisvert er einnig að aðeins 10 % opinberra starfsmanna eru nú í 16-20. launaflokki og því með 115-150 þús. í mánaðarlaun.

Nú hefur af hálfu BSRB verið lögð fram kröfugerð fyrir nýjan kjarasamning. Þar ber hæst kröfur um beinar launahækkanir og leiðréttingu launastigans. Fullar vísitölubætur á öll laun, reiknaðar út í prósentum mánaðarlega, endurskoðunarrétt á kaupliðum og verkfallsrétt á samningstímanum ef röskun verður á breyttri vísitölutryggingu. Þarna er um mikilvægt atriði að ræða er ekki má vanta í komandi kjarasamning, þar sem núverandi gildistími kjarasamnings er 2 ár. Við verðum því að hafa fullan rétt til endurskoðunar og verkfallsheimild á samningstímabilinu ef veigamiklar breytingar verða.



Frá fyrsta samningsfundi BSRB og fjármálaráðuneytisins.

Eins og menn vita er sá verkfallsréttur sem við höfum nú lítils megnugur nema til komi sterk samstaða félagsmanna.
Til verkfalls kemur aðeins 15 dögum eftir allsherjaratkvæðagreiðslu félaganna um verkfallsboðun. Síðan verður sáttanefnd að leggja fram sáttatillögu innan 10 daga. Sú sáttatillaga mun afgreidd með allsherjaratkvæðagreiðslu Verði sáttatillaga felld hefst verkfall. Til þess að fella sáttatillögu þarf minnst 50% félagsmanna að greiða atkvæði og minnst helmingur þeirra á móti. Ef þátttaka í atkvæðagreiðslunni er innan við 50% telst tillagan samþykkt.

Til að ná kröfum okkar þurfum við á sterkri samstöðu. félagsmanna að halda. Næs' kjarasamningur mun endanlega afgreiddur með allsherjaratkvæðagreiðslu. Því er nauðsynlegt að kynna félögum aðildarfélaga BSRB kröfugerðina vel og hvetja þá til baráttu gegn þeirri svívirðilegu kjaraskerðingur sem dunið hefur yfir launafólk landsins.

Það er sýnt að tími þessara samninga er ekki sérlega vel fallinn til harðra átaka, þar sem sumarleyfin fara nú að byrja. En við megum ekki láta ósamstöðuna koma okkur í koll. Verum á varðbergi og sýnum samstöðu.

Nú eru í gangi kynningarfundir á vegum BSRB fyrir opinbera starfsmenn um land allt. Þar munu kynntar kröfugerðir og svarað fyrirspurnum. Viljum við hvetja alla til að, sækja þessa fundi og sýna baráttuvilja.

Nú hafa þjóðartekjur aldrei verið hærri í landinu. Skyldi þá ekki vera rétti tíminn til kjarabóta launafólks, þeirra sem unnið hafa sem þrælar í landi sínu undanfarin ár ?

Lygar um Kambodiu

Síðan Kambódía öðlaðist frelsi þann 17. apríl 1975, hefur vestræn borgarabressa ekki linnt óhróðursskrifum sínum um landið og sjórn þess. Nú nýlega flutti Gunnar Eyþórsson fréttamaður útvarpsins fréttaauka um Kambódíu Í spjalli hans voru lygarnar svo yfirgengilegar og ofstækisfullar, að sennilega hefur annað eins ekki verið flutt á öldum ljósvakans, allavegana á síðari árum.

"Fækka þjóðinni með skotvopnum"

Eitt af því sem fréttamaðurinn vildi uppfræða hlustendur um, var byggðastefna Kambódíustjórnar. Vafalaust hefur hún komið fólki svo kynlega fyrir eyru, að flestir hafa velt því fyrir sér, hvort fréttamaðurinn þjáðist af fullkomnum skorti á dómgreind, eða væri hraðlyginn eins og vellygni-Bjarni.

Fréttaaukinn uppfræddi landslýð um áhyggjur Kambódíustjórnar vegna fjölda landsmanna. Sagði fréttamaður þá vera rúmar 6 milljónir og jafnframt að yfirvöld þar í landi ætluðu sér að slátra svo sem eins og fjórum til fimm milljónum af hagræðisástæðum. Framkvæmd þessarar slátrunar fólst, að sögn Gunnars , í því að gömlu fólki og sjúku og þeim sem drægjust aftur úr á göngu(svo orð hans séu notuð) væri lógað hispurslaust og þeirra fjölskyldum öllum. Fréttamaðurinn skýrði einnig frá þeirri vitneskju sinni, að stjórn Kambódíu hygðist leggja allan iðnað niður og væri reyndar hatrammur andstæðingur iðnaðar yfirleitt, en hefði dálæti á landbúnaði..

Væri nú svo komið að fólk væri flutt úr borgum í sveitirnar og látið starfa að landbúnaði. Nú veit ég ekki hvort Gunnar hefur svikist um að læra landafræðina sína í skóla. Alla vegana er það á allra færi að draga þá ályktun, að Kambódía hefur verið og er enn vanþróað land á okkar mælikvarða, land sem öldum saman hefur algerlega byggt framleiðslu sína á landbúnaði. Þetta er ekki séreinkenni Kambódíu, heldur almennt einkenni flestra þriðja heims landa og þess vegna verða ummæli fréttamannsins til þess að afhjúpa slælega almenna þekkingu hans. Sannleikurinn er sá, að á dögum leppstjórnar Bandaríkjanna, var yfir milljón manns hrúgað inn í Pnom Pehn, höfuðborg landsins. Ástæðurnar fyrir þessari pólitík Lon Nol stjórnarinnar voru ekki þær, að þetta fólk þyrfti vinnu við iðnaðarframleiðsluna, því hún var ekki fyrir hendi. Heldur var það hitt, að Lon Nol vildi ekki láta þetta fólk lenda undir yfirráðum rauðu Khmeranna sem réðu öllu landinu nema örfáum borgum. Þess vegna var þetta fólk rekið inn í borgirnar, rifið upp frá heimabyggðum sínum og látið lifa af gjafakorni, sem bandarískar herflugvélar fluttu í milljónum tonna til Pnom Pehn. Þegar svo þessari þvingun er aflétt, og fólkið snýr aftur til sinna heimahaga, kalla vestrænir fréttamenn það nauðungarflutning. Kannske víðsýnir vestrænir fréttamenn, af sömu gerð og Gunnar Eyþórsson, hafi haft á takteinum ráð til að halda lífinu í fólki þessu, þegar hætt var að senda gjafakorn til Pnom Pehn? Því auðvitað nær samúð Bandaríkjanna með fólkinu aðeins að því marki, sem þjónar hernaðarlegum og pólitískum hagsmunum þeirra. Bandaríkin eru þekkt fyrir annað en að veita alþýðu manna brauð ókeypis, ef hagsmunir þeirra sjálfra krefjast þess ekki.

Skuttogaraæðið


Eins og öllum er kunnugt hófst hér á landi mikið æði með tilkomu "Alþýðustjórnarinnar" árið 1971 sem gjarnan hefur verið kennt við skuttogara.
Hafði þá togaraflota íslendinga hnignað mjög allt frá árinu 1960 er karfaveiðin við Nýfundnaland brást, en það ár áttu íslendingar 47 togara, en eftir voru rúmlega tuttugu skip, nær allt síðutogarar árið 1971 er "viðreisnar stjórnin" lést. Höfðu þá skuttogarakaup verið mikið til umræðu um tíma og hafði "viðreisn" rétt fyrir andlátið, afrekað það að semja um smíði á fjórum skuttogurum á Spáni fyrir BÚR og BÚH og um smíði tveggja á Akureyri fyrir ÚA. Akureyrartogararnir tveir voru að lokum smíðaðir á Spáni enda reyndust þeir eins og hinir fjórir, hinir mestu gallagripir. Auk þessara skipa átti Ögurvík h.f. tvö skip í smíðum í Póllandi um líkt leyti. En með "Alþýðustjórninni" komu ný sjónarmið um atvinnumál. Nú skyldi jafnvægi í byggð landsins verða staðreynd og skyldi landsbyggðin fá sinn skerf af uppbyggingu togaraflotans. Eðlileg og sjálfsögð ráðstöfun svo langt sem hún náði. Og þar með hófst hinn mikli darraðardans sem enn stendur. Skuttogarar, nýir og notaðir tóku að streyma til landsins frá Noregi, Danmörku, Póllandi, Frakklandi, Spáni og jafn vel ein tíu stykki austan frá Japan. Allir vildu eignast skuttogara. Skítt með peningana. Það var allt lánað hvort eð var. Jafnvel voru dæmi þess að lánað var yfir 100% af kaupverði. Ekkert var skeytt um hvort til væri mannskapur á staðnum til að fara á nýja skuttogarann. Ef einhver vandræði voru, var þó alltaf hægt að fá einhverja að sunnan. Og allir sýndu togararnir tap á pappírunum, nema ef vera skyldi togarinn Dagný frá Siglufirði. En það hefur víst verið einhver klaufaskapur.

Nú í apríl 1977 munu skuttogarar í eigu íslendinga vera orðnir 68 talsins þar meðtaldir varðtogarinn Baldur og nýr togari til Súgfirðinga (Elín Þorbjarnardóttir), en auk þess munu 8 togarar vera í smíðum fyrir íslenska útgerðarmenn, og mætti ætla að nóg væri komið af skuttogurum þegar jafnvel selfyssingar hafa eignast skuttogara (Bjarni Herjolfsson).
En ef marka má nýjustu sögusagnir fer því fjarri að svo sé. Heyrst hefur að ríkisstjórnin sé nú rétt í þann mund að veita leyfi fyrir kaupum á sex skuttogurum frá Frakklandi. Þar af fari einn til Norðfjarðar en þar eru tveir togarar fyrir og einn fari til Hólmavíkur, en þar hefur ekki verið togari áður. Hvert hinir fjórir fara er ekki vitað enn, en þess má geta að engir togarar eru gerðir út frá Hellu, Hvolsvelli, Egilsstöðum né öðrum álíka "útgerðarþorpum".

Einnig hefur frést að til standi að selja tvo af aflahæstu og jafnframt bestu togurum landsins úr landi, en þessi skip eru Júlíus Geirmundsson frá Ísafirði og Bessi frá Súðavík og munu eigendur þessara togara hafa í hug á að láta smíða fyrir sig stærri og afkastameiri skip í Noregi.

Þegar haft er í huga að íslenskir skuttogarar eru mjög svo afkastamikil veiðitæki og með tvöfalda og jafnvel þrefalda afkastamöguleika á við veiðiskip sem gerð eru út frá öðrum löndum eins og til dæmis Bretlandi, væri gaman að fá að vita hvað átt var við með öllum friðunartalinu þegar landhelgin var færð út í fimmtíu mílur 1972 og síðan í tvö hundruð mílur 1975. Var það kannski brandari? En spurning dagsins er samt þessi: Finnst þorskinum í sjónum ekki bráðum nóg að gert?

26.4.'77. KK.



Hvað skyldi þorskurinn segja um nær hundrað stykki af svona veiðitækjum?

GERIST ÁSKRIFENDUR
Stéttabaráttan vikublað